

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Ágústssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2022
UST202201-280/A.Þ.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsáætlun - Múli vindorkugarður – Borgarbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Qair Iceland ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar að reisa um 78-95 MW vindorkuver innan 3.528 ha svæðis að Hvammi í Borgarbyggð á Vesturlandi og kallast verkefnið Múli. Gert er ráð fyrir að reistar verði 13-17 vindmyllur í einum áfanga. Gert er ráð fyrir að hámarkshæð spaðaenda í efstu stöðu verði um 200 m fyrir ofan jörðu.

Mat á umhverfisáhrifum

Þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni og verður fjallað nánar um í umhverfismatsskýrslu eru skv. matsáætluninni jarðminjar, lífríki (þ.m.t. fuglar), menningarminjar, hljóðvist, landslag, ásýnd og samfélag.

Þeir valkostir sem skoðaðir verða varða uppröðun og staðsetningu vindmylla innan skilgreinds þróunarsvæðis.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda matsáætlun og telur að í henni séu tilgreindir þeir þættir sem helst munu hafa áhrif vegna framkvæmdarinnar. Þó telur stofnunin vert að neðangreind atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð umhverfismatsskýrslu umfram það sem kemur fram í matsáætlun.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í matsáætlun kemur fram að dæmi um mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika verði m.a. sneitt hjá áhrifum með því að forðast rask á náttúrulegum búsvæðum sem þykja mikilvæg, t.d. votlendis.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast rökun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að



einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfi eða jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Mikilvægt er að í umhverfismati komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi, ef framkvæmdin veldur slíkri röskun.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að sunnarlega á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er birkiskógur en samkvæmt skógavefsjá¹ Skógræktarinnar eru birkitrén á bilinu 2-3 m á hæð og krónuþekja er 80%. Stofnunin bendir á að skv. b. lið 1. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré sérstakrar verndar. Skv. 7. mgr. sömu greinar heldur Skógræktin skrá yfir birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að fá úr því skorið hjá Skógræktinni hvort um sé að ræða birkiskóg sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaganna.

Skv. mynd 5.13 er syðsti rannsóknarreiturinn á svæði þar sem áður nefndur birkiskógur vex. Umhverfisstofnun telur jákvætt að það svæði verði metið og bendir á að ef um náttúrulegan birkiskóg sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga er að ræða gilda um hann 3. mgr, 4. mgr og 5. mgr. 61. greinarinnar.

Enn fremur bendir Umhverfisstofnun á 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 en samkvæmt henni er varanleg eyðing skóga að hluta eða í heild óheimil.

Landslag og ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins og vera einkennandi í landslagi.

¹ [Náttúrulegt birki á Íslandi \(arcgis.com\)](http://natturulegtbirki.islandi.is/arcgis.com)



Í matsáætlun kemur fram að við mat á áhrifum á ásýnd verður stuðst við leiðbeiningar NatureScot um sjónrænt mat á vindmyllum. Lagt er til að rannsóknarsvæðið nái 45 km út frá ystu vindmyllum vindorkugarðsins í allar áttir, líkt og kveðið er á um í áðurnefndum leiðbeiningum fyrir vindmyllur með allt að 200 m langa spaða. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að ætlunin sé að meta svo stórt svæði enda mun að mati stofnunarinnar áhrifa vindmyllanna á landslag og ásýnd gæta mjög víða. Samkvæmt mynd 5.5 í matsáætlun munu t.a.m. 13 vindmyllur vera sjáanlegar frá hluta friðlandsins Geitlandi, frá Arnarvatnsheiði sem er á B-hluta náttúruminjaskrár og frá svæðum sem hafa verið skilgreind sem óbyggð víðerni.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði og víðerni, segir í e. lið 1. mgr.: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Óbyggð víðerni eru í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínnum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Á Íslandi er að finna stóran hluta allra óbyggðra víðerna í Evrópu og því er mikilvægt að stuðlað sé að verndun þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á unnin hefur verið skýrsla sem ber heitið *Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísi* sem kom út í október árið 2021.² Skv. korti sem þar er lagt fram má glöggst sjá að finna má óbyggð víðerni í námunda við framkvæmdasvæðið, innan 5 km. Umhverfisstofnun telur því að í umhverfismatsskýrslu skuli fjalla um áhrif framkvæmdar á upplifunargildi óbyggðra víðerna á áhrifasvæði framkvæmdar, m.a. ásýnd svæðanna.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að engin verndarsvæði séu innan eiginlegs framkvæmdarsvæðis, sé mikilvægt að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á þau verndarsvæði þar sem margar vindmyllur verða sjáanlegar. Skv. mynd 5.15 má gera ráð fyrir að í friðlandinu Geitlandi, vestan við Langjökul, verði 13 vindmyllur sjáanlegar. Einnig má gera ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði sjáanlegur á Arnarvatnsheiði sem er á B-hluta náttúruminjaskrár.

Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði metin áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði en þau má m.a. sjá á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.³

Vinnubúðir

Fram kemur í matsáætlun að gert verði ráð fyrir að um 100 starfsmenn verði við vinnu á þróunarsvæðinu þegar mest verður. Ekki er gerð grein fyrir vinnubúðum sem hljóta að fylgja slíkum hópi starfsmanna. Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfismatsskýrslu er

² https://www.hi.is/sites/default/files/mas/ostmanetal2021_wildernessiceland.pdf

³ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

mikilvægt að fjalla um áhrif vinnubúða og hvernig megi lágmarka þau. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að fráveitumál samræmist reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Olíumengun

Í matsáætlun segir að á rekstrartíma gæti verið þörf á olíu til að viðhalda gírkassa vindmyllunnar en þá þyrfti hver vindmylla um 500 lítra af olíu á 5 ára tímabili. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um hvernig olían verði geymd í umhverfismatsskýrslu en hún skal samræmast reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Vegir

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð skipulags fyrir framkvæmdarsvæði er varðar vegagerð skal það vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Í 3. mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur